

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
tíunda starfsárs 2012**

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	5
Inngangur.....	7
Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	7
1. Stjórn og starfsfólk	7
2. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur.....	8
3. Fjármál	9
4. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2012.....	9
4.1 Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2011	10
4.2 Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila	10
4.3 Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnsýslu.....	11
4.4 Rannsóknarborð í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum	11
4.5 Rannsóknir og þróunarverkefni	12
4.5.1 Nýsköpun í opinberum rekstri	12
4.5.2 Könnun á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana.....	15
4.5.3 Útgáfa ritsins Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum	15
4.5.4 Efling opinberra vefa	16
4.5.5 Evrópuverkefni EGOV4U eða Rafrænar lausnir fyrir alla	16
4.5.6 Umsókn um rannsóknar- og þróunarstyrk á sviði rafrænnar stjórnsýslu undir Citizen-centric eGovernment Services	16
4.5.7 Umsókn til 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins.....	17
5. Stjórn mála og stjórnsýsla-Veftímaritið - www.stjornmalogstjornsysla.is	17
6. Erlent samstarf	19
7. Vefir stofnunarinnar	19
Viðauki 1. Viðburðir hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála 2012	20
1. Stefnuörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar	20
2. Stjórn mála, lýðræði og samfélagsleg gildi	21
3. Alþjóðastjórn mála og þjóðfélagsþróun. Fjölbjóðlegar stofnanir.....	23
4. Lagarammi opinberrar starfsemi	23
5. Velferðarmál.....	24
Viðauki 2 Birtar greinar í veftímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla 8. árg. 2012.	25

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2012 markar tíunda starfsár stofnunarinnar. Þegar horft er í baksýnispegilinn má segja að stofnunin hafi á þessum áratug tekist að skapa öflugan og mikilvægan umræðuvettvang þar sem fræðasamfélagið, stjórn málin, opinbera stjórnsýslan og tengdir aðilar hafa leitt saman hesta sína um fræðileg og hagnýt viðfangsefni dagsins og úrlausnarefni framtíðarinnar með málefnalegum hætti. Jafnframt hefur stofnunin haft frumkvæði að því að standa fyrir fræðslu, rannsóknum og þróunarstarfi svo og miðlun þekkingar á starfssviði sínu með útgáfu rita og birtingu greina í tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla sem stofnunin gefur út. Á þessum tímamótum er samstarfsaðilum stofnunarinnar sérstaklega þakkað fyrir samstarfið síðastliðin 10 ár.

Eins og kemur fram í viðauka 1 voru haldnir um 40 viðburðir á starfsárinu sem yfir tvö þúsund manns sóttu. Þar koma fram þau ólíku viðfangsefni sem stofnunin lætur sig varða og leggur sig fram um að fjalla um í samstarfi við fjölmarga aðila. Á árinu var fyrirferðarmest umræða í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á íslensku stjórnarskránni í samvinnu við ýmsa aðila, námskeið er varða starfsramma opinberrar stjórnsýslu og fræðsla og fundir um ESB. Einnig má nefna viðburði í tengslum við nýsköpun í opinberum rekstri annars vegar og kynningu á niðurstöðum könnunar á stöðu og starfsskilyrðum forstöðumanna ríkisstofnana hins vegar en rannsóknin var samstarfsverkefni stofnunarinnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Á starfsárinu urðu breytingar í stjórn stofnunarinnar er Ólafur Þ. Harðarson, prófessor, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari og Regína Ástvaldsdóttir, framkvæmdastjóri fóru úr stjórn. Þeim er þökkúð vel unnin störf í þágu stofnunarinnar, en þess má geta að Ólafur og Magnús áttu sæti í stjórn stofnunarinnar frá upphafi. Inn í stjórn komu Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir lektor í stjórnsýslufræðum við HÍ. Er mikill fengur að þeim inn í stjórnina og mikils vænst af samstarfi við þær.

Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor, formaður stjórnar og Ásta Möller MPA, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Inngangur

Árið 2012 var tíunda starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála en hún hóf starfsemi sína í árslok 2002.

Stofnunin starfar samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála nr. 545 frá 15. júní 2010 sem háskólaráð hefur sett á grundvelli 3. mgr. 11.gr. laga nr 85/2008 um opinbera háskóla, en þær voru samþykktar á stjórnarfundum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 31. maí 2010 og af deildarfundum Stjórn málafræðideildar 1. júní 2010. Jafnframt tekur uppbygging stofnunarinnar mið af stefnumótun á hverjum tíma.

Í reglum stofnunarinnar segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Stjórnun, samstarf og rekstur Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

1. Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Skv. reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í stjórn málafræðideild tilnefni þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Ákvæði eru í reglum stofnunarinnar um að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40% í samræmi við ákvæði jafnréttis laga. Stjórnin kýs sér formann úr hópi fulltrúa Stjórn málafræðideildar.

Á árinu 2012 rann út skipunartími stjórnar stofnunarinnar. Á stjórnarfundum 23. febrúar var skipan nýrrar stjórnar staðfest og er hún skipuð eftirfarandi: Ómar H. Kristmundsson, prófessor, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, báðir skv. tilnefningu deildarfundar og Trausti Fannar Valsson lektor við lagadeild HÍ en hann er tilnefndur af rektor HÍ. Nýjar í stjórn eru Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari frá Reykjavíkurborg, Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri, báðar tilnefndar af forseta Félagsvísindasviðs og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir lektor HÍ sem er tilnefnd skv. samþykkt deildarfundar Stjórn málafræðideildar. Ómar H. Kristmundsson var kjörinn formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

Úr stjórn fóru Regína Ásvaldsdóttir f.v. skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, Magnús Pétursson ríkissáttasemjari og Ólafur Þ. Harðarson forseti Félagsvísindasviðs HÍ. Eru þeim þökkúð störf í þágu stofnunarinnar, en Ólafur og Magnús hafa átt sæti í stjórn frá upphafi.

Á stjórnarfundum 15. ágúst 2012 samþykkti stjórnin viðmiðanir við undirbúning og framkvæmd opinberra funda svo sem ráðstefna og málþinga á vegum stofnunarinnar.

Ásta Möller MPA er forstöðumaður stofnunarinnar í fullu starfi. Hrefna Ástmarsdóttir stjórn málafræðingur og meistaranemi í opinberri stjórnsýslu starfaði sem verkefnastjóri í hálfu starfi m.a. við verkefni er tengjast nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Þá starfaði Dr. Haukur Arnþórsson að ýmsum verkefnum í tengslum við þróun og útgáfu vefritsins Stjórn mála og stjórnsýsla, en hann er vefstjóri tímaritsins.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli.

2. Samstarfsaðilar og samstarfsvettvangur

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála leggur áherslu á að leita samstarfs við þá sem vilja vinna að umbótum, þróun, fræðslu og rannsóknum á sviði stjórnsýslu og stjórn mála. Formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar er Reykjavíkurborg og hefur svo verið frá upphafi. Þetta samstarf skiptir miklu máli fyrir starfsemi stofnunarinnar og er henni mikill styrkur í efnislegu og fjárhagslegu tilliti. Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. ráðuneyti, Umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun svo og aðrar opinberar stofnanir en einnig stjórn málaflökka, stéttarfélög og önnur félagsamtök, svo sem Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Sérstaklega skal nefna samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem hefur leitt af sér viðamikla og farsæla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Í mörgum tilvikum hefur samstarf aðila tengst viðfangsefnum einstakra ráðuneyta og skal þar fjármála- og efnahagsráðuneytisins sérstaklega nefnt. Þar má m.a. nefna viðmikið verkefni á starfsárinu sem tengdist gerð og kynningu á niðurstöðum könnunar um starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana sem unnin var í samvinnu stofnunarinnar, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og fjármála- og efnahagsmálaráðuneytisins. Þá var fram haldið og eflt samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Rannís við að vinna að framgangi hugmynda um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu eins og greint verður nánar frá hér síðar. Í því sambandi má nefna að samstarf stofnunarinnar og Mindlab í Danmörku var eflt á árinu m.a. með heimsókn Christian Bason forstöðumanns Mindlab í Danmörku til Íslands í ágúst 2012 og í framhaldi af því samkomulagi um frekara samstarf til að efla nýsköpun í opinberri starfsemi á Íslandi.

Einnig er vert að nefna ýmis samstarfsverkefni stofnunarinnar og annarra ráðuneyta, s.s. námskeið í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila og við innanríkisráðuneytið um námskeið fyrir vefstjóra til að efla opinbera vefi.

Sem fyrr átti stofnunin gott og náíð samstarf við Félag stjórnsýslufræðinga og Félag stjórn málafræðinga, m.a. við skipulagningu á viðburðum er varða áhugasvið aðila.

Stofnunin leggur áherslu á að horfa til annarra landa um stjórnslu og stjórnsmál og hefur hún tekið þátt í margvíslegu samstarfi í þá veru. Á hverju ári koma m.a. til landsins erlendir fyrirlesarar frá háskólum, alþjóðasamtökum, stjórnslu og stjórnsmálum sem hafa haldið opna fyrirlestra á vegum stofnunarinnar, sjá nánar í viðauka.

3. Fjármál

Stofnunin er rekin með sjálfsaflafé. Samningur við Reykjavíkurborg var endurnýjaður í formi þjónustusamnings til tveggja ára 2011-2012 en hann rann út í árslok 2012 og var nýr þjónustusamningur þá undirbúningi. Framlag borgarinnar var á árinu 2012 2.375 milljónir króna, en þess má geta að borgin hefur verið samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og hefur það skipt sköpum um fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar.

Háskóli Íslands og Stjórnsmálafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu eins og bókhaldsþjónustu og uppgjörsvinnu sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er aflað fjármagns til rekstrar með verkefnum sem stofnunin vinnur að m.a. skipulagningu og umsjón með málþingum og námskeiðum, rannsóknarverkefnum og öðrum verkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og með styrkjum.

Heildarvelta stofnunarinnar á árinu 2012 var um 18 milljónir króna. Rekstur stofnunarinnar var í jafnvægi á árinu. Frá fyrri árum eru uppgjör vegna umsýslu stofnunarinnar í tengslum við verkefnið DEMO-net enn í óvissu, en í árslok 2011 var verkefnið í 3.4 milljóna skuld við stofnunina vegna kostnaðar á árinu 2007-2008. Að öðru leyti er vísað til ársskýrslu 2009 varðandi þetta efni.

4. Stefna, áherslur og helstu verkefni í starfi ársins 2012

Í reglum Stofnunar stjórnslufræða og stjórnsmála segir eftirfarandi um áherslur í starfi hennar:

„Hlutverk Stofnunar stjórnslufræða og stjórnsmála er:

- a. að efla framhaldsnám, starfsmenntun, rannsóknir og nýsköpun á sviði stjórnslu og stjórnsmálafræði innan stjórnsmálafræðideildar,
- b. að standa að samstarfs- og samræðuvettvangi fræðimanna (rannsóknarborð-hringborð rannsóknarverkefna) í þeim tilgangi að auka samstarf, efla rannsóknir og nýsköpun á fræðasviðum stjórnsmálafræðideildar,
- c. að aðstoða við öflun samstarfsaðila, öflun fjár, ráðgjöf, framkvæmd og utanumhald rannsóknarverkefna eftir atvikum í samvinnu við Félagsvísindastofnun,
- d. að efla tengsl milli fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands og forystumanna í þjóðlífi (stjórnsmálamanna, stjórnslunnar, forystumanna atvinnulífs og hagsmunasamtaka), m.a. með fundum, ráðstefnum og útgáfu,
- e. að stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnslu og stjórnsmála,
- f. að stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum á sviði stjórnslu og stjórnsmálafræði,
- g. að veita ráðgjöf um stefnumótun vegna framhaldsnáms stjórnsmálafræðideildar,
- h. að halda utan um gagnasafn stjórnsmálafræðideildar,
- i. að sinna kynningarstarfi fyrir stjórnsmálafræðideild og veita framhaldsnemendum ýmsa þjónustu,

- j. að standa fyrir námskeiðahaldi, ráðstefnum og málþingum á sviði stjórnslu og stjórn mála og miðlun upplýsinga þar um,
- k. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna, m.a. ritröð um íslenska stjórn málafræði, umsjón með og útgáfu á tímaritinu Stjórn mála og stjórnslu,
- l. að skapa lifandi umræðuvettvang um stjórn málafræði og stjórnslu,
- m. að sinna þjónustu á sviði stjórnslu og stjórn málafræði fyrir félagsvísindasvið og aðra aðila, innan og utan Háskóla Íslands.“

Starfsemi stofnunarinnar er í stöðugri þróun og áherslur hafa breyst á þeim árum sem stofnunin hefur starfað. Stofnunin var t.d. mikilvægur aðili varðandi stefnumótun og uppbyggingu meistara- og diplómanáms í opinberri stjórnslu á sínum tíma og í kynningar- og ráðgjafastarfi vegna náms á vegum Stjórn málafræðideildar. Þetta verkefni er nú alfarið á vegum skrifstofu deildarinnar. Að sama skapi hefur Félagsvísindastofnun tekið að sér að halda utan um og gera gagnasöfn á vegum Stjórn málafræðideildar aðgengileg fyrir kennara og nemendur. Því er þörf á a að endurskoða starfsreglur stofnunarinnar þannig að þær endurspegli áherslur og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu verkefni Stofnunar stjórnslufræða og stjórn mála á árinu 2012, en að auki eru ótalin mörg smærri verkefni.

4.1 Opnir fyrirlestrar og málþing á árinu 2012

Eins og áður sagði lýtur veigamikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar að samstarfi hennar við ýmsa aðila um að skipuleggja fræðslu, fundi og ráðstefnur um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórn mála og stjórnslu og í stjórnslufræðum. Jafnframt er það mikilvægur þáttur til að afla henni tekna. Á árinu 2012 voru haldnir 40 slíkir atburðir og sóttu þá um 2300 manns (sjá viðauka 1).

Markhópur þessarar fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnslu og viðfangsefni opinbers rekstrar.

4.2 Stjórnslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og fleiri aðila.

Stofnunin hefur um árabíl staðið fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk stjórnslu ríkis og sveitarfélaga um lög er varða stjórnslu til að efla þekkingu þeirra á reglum hennar. Þessi námskeið voru sett á laggirnar m.a. að frumkvæði Umboðsmanns Alþingis og hefur stofnunin notið stuðnings, liðveislu og hvatningar embættisins í því starfi. Námskeiðin eru jafnframt skipulögð í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og iðulega í samstarfi við kennara við Lagadeild Háskóla Íslands. Stofnunin hefur lagt aukna áherslu á að bjóða upp á fjarnám samhliða staðnámi á námskeiðum sínum og hafa opinberir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem búa á landsbyggðinni í auknum mæli nýtt sér þetta form og þannig getað sparað sér mikinn tilkostnað vegna ferðalaga og uppihalds. Fyrirlestrar eru teknir upp sem gefur m.a. þátttakendum möguleika á að fylgja námskeiðinu þrátt fyrir forföll eða til upprifjunar síðar.

Á árinu 2012 var í níunda skiptið haldið sex vikna námskeið um *Stjórnslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga*. Umsjónarmaður og aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor við lagadeild HÍ.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Luxemburg kenndi tvö námskeið: *Ráðning og starfslok starfsmanna opinberra stofnana* og *Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996*. Jafnframt kenndi Kjartan Bjarni námskeið um *Evrópurétt*, en slíkt námskeið hafði ekki áður verið kennt á vegum stofnunarinnar.

4.3 Meistara- og diplómanám í opinberri stjórnslu

Stofnunin hefur frá upphafi lagt áherslu á að styðja við, efla og þróa meistaranám í opinberri stjórnslu og hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt. Þeir hafa ólíkan bakgrunn og margir þeirra eru í störfum innan stjórnslunnar samhliða námi.

Tveir samstarfssamningar eru í gildi um þróun sérsniðins diplómanáms annars vegar fyrir núverandi og verðandi stjórnendur hins opinbera annars og hins vegar fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Samstarfsaðilar stjórn málafræðideildar um fyrra námið er fjármálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Haustið 2012 hófst fjórða starfsár námsins.

Haustið 2012 hófst þriðja starfsár nýrrar námsleiðar, diplóma í opinberri stjórnslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu, en hún er sérstaklega skipulögð með þarfir núverandi og verðandi stjórnenda í heilbrigðisþjónustu í huga sem vilja efla stjórnunarþekkingu sína og öðlast dýpri skilning á starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem hluti af opinberum rekstri. Samstarfsaðilar Stjórn málafræðideildar varðandi þetta námsframboð innan HÍ eru Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild og Heilbrigðisvísindasvið HÍ, en samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands vegna námsins eru velferðarráðuneytið, Landspítalinn, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landssamband sjúkrahúsa, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Stofnun stjórnslufræða og stjórn mála hafði forgöngu um þessar námsleiðir og annast framkvæmd samstarfssamninga vegna þeirra. Námsleiðirnar eru hluti af meistaranámsframboði Stjórn málafræðideildar og lýtur þeim inntökuskilyrðum og námskröfum sem þar eru gerðar og endar með diplómaskírteini. Kjósi þeir að halda áfram námi og ljúka MPA gráðu fá þeir diplómanámið að fullu metið.

4.4 Rannsóknarborð í stjórnslu- og stjórn málafræðum

Rannsóknarborð er samstarfsvettvangur kennara stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar. Það tók til starfa snemma árs 2010 og eru fundir þess haldnir að jafnaði á 3 vikna fresti yfir veturinn. Tilgangur rannsóknarborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir og nýsköpun á sviði opinberrar stjórnslu og stjórn mála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórnslu og stjórn mála og vera vettvangur miðlunar þekkingar og hagnýtrar reynslu.

Fundir rannsóknarborðs voru alls 11 á starfsárinu og voru eftirfarandi efni tekin til umfjöllunar:

12. janúar 2012 Handleiðsla lokaverkefna. Umræður um samskipti leiðbeinenda og nemenda við ritun BA-MA/MPA verkefna. Silja Bára Ómarsdóttir undirbjó og leiddi umræðuna.

26. janúar 2012. Grein í vinnslu. Stefanía Óskarsdóttir lagði fram grein sína í vinnslu *Majoritarian Parliamentarism in Iceland: The Link between Parliamentary Politics and Macroeconomic Management*. Ómar H. Kristmundsson leiddi umræðuna.

16. febrúar 2012. Grein í vinnslu. Alyson Bailes og Örvar Rafnsson ræddu grein sína í vinnslu *Iceland and the EU's Common Security and Defence Policy*. Silja Bára Ómarsdóttir leiddi umræðuna. Greinin birtist í vorhefti vef tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla 2012.

8. mars 2012. Grein í vinnslu. Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir ræddu grein sína í vinnslu: *Iceland's (in)Equality Paradox. Why feminist political scientists must theorize corruption*. Gunnar Helgi Kristinsson leiddi umræðuna.

29. mars 2012. Umræður um doktorsverkefni. Rósa Guðrún Erlingsdóttir kynnti doktorsverkefni sitt *The Economic and Political Breakdown of Iceland: Politics of Patronage and its impact on Democracy*. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir leiddi umræðuna.

26. apríl 2012. Grein í vinnslu. Baldur Þórhallsson ræddi grein sína í vinnslu *Iceland's external affairs in the Middle Ages: The shelter of Norwegian Sea Power*. Gunnar Helgi Kristinsson leiddi umræðuna. Greinin birtist í vorhefti vef tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla 2012.

10. maí 2012. Grein í vinnslu. Eva Marín Hlynsdóttir ræddi grein sína *The roles and priorities of the Icelandic mayor*. Gyða Margrét Pétursdóttir leiddi umræðuna.

20. september 2012. Grein í vinnslu. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir ræddi grein sína *The IMF program in Iceland.: Has the IMF „changed its spots?“ if so, why?* Alyson Bailes leiddi umræðuna.

11. október 2012. Grein í vinnslu. Alyson Bailes og Kristmundur Þór Ólafsson kynntu grein sína *The role of Nordic Cooperation and othe sub-regional groupings in solving the future challenges of the Arctic*. Margrét Cela leiddi umræðuna.

8. nóvember 2012. Erindi í vinnslu. Guðný Gústafsdóttir lagði fram erindi í vinnslu *The Image of modern femininity in the Icelandic Context*. Gyða Margrét Pétursdóttir leiddi umræðuna.

6. desember 2012. Grein í vinnslu. Auður. H. Ingólfssdóttir ræddi grein sína *Climate change and security in the Arctic – A feminist Perspective*. Silja Bára Ómarsdóttir leiddi umræðuna.

Á heimasíðu stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is hefur verið safnað saman upplýsingum um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórnsmálafræðideildar undir rannsóknaráherslur fræðimanna.

4.5 Rannsóknir og þróunarverkefni

Eitt af verkefnum stofnunarinnar er aðstoð við fjáröflun, þróun og kynningu rannsóknarverkefna. Viðamest hafa verið tvö stór rannsóknarverkefni Stjórnun og starfsumhverfi ríkisstofnana 2006-2008 og Íbúalýðræði: Félagsauður og lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007-2010, sem bæði voru unnin í samstarfi við aðila utan Háskóla Íslands. Hér á eftir er gert grein fyrir rannsóknar- og þróunarverkefnum sem stofnunin vann að á árinu 2012.

4.5.1 Nýsköpun í opinberum rekstri

Á árinu var fram haldið samstarfi stofnunarinnar, fjármálaráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Rannís um nýsköpun í opinberri þjónustu og

stjórnsýslu. Í byrjun árs 2012 mátu samstarfsaðilar árangur af starfinu og voru þeir sammála um að það hafi skilað góðum árangri. Tekist hefði að vekja athygli á nýsköpun í samhengi við opinbera geirann m.a. með kynningu á nýsköpunarverkefnum hjá opinberum stofnunum, með viðurkenningu á bestu verkefnum og með fræðslu um efnið. Framtakið hafi jafnframt hvatt til frekari nýsköpunar í starfi hins opinbera, en um leið gefið jákvæð skilaboð til samfélagsins um grósku í starfi hins opinbera, aukið virðingu fyrir opinberum rekstri og stolt starfsmanna af starfsvettvangi sínum. Samstarfsaðilar ákváðu að starfa áfram að verkefninu og jafnframt bjóða Sambandi íslenskra sveitarfélaga að taka þátt, sem var þegið. Í undirbúningsnefnd verkefnisins eru eftirtaldir: Pétur Berg Matthíasson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Magnús Guðmundsson og Ingibjörg Sverrisdóttir frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Ómar H. Kristmundsson og Ásta Möller frá Stofnun stjórnsýslufræða, Karl Friðriksson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Þorsteinn Gunnarsson frá Rannís og Anna Guðrún Björnsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Rekstri vefsins www.nyskopunarvefur.is var fram haldið og hélt Hrefna Ástmarsdóttir verkefnastjóri utan um það verkefni. Á vefsíðunni er mikið magn upplýsinga um nýsköpun í opinberum rekstri, verkfæri við nýsköpunarvinnu, umfjöllun um verkefni sem voru tilnefnd til nýsköpunarverðlauna 2011 og 2012 sem eru alls um 100 verkefni. Þá er Twitter kassi á forsíðu vefsins en þar má finna allt það nýjasta sem er verið að skrifa um nýsköpun í opinbera geiranum úti í heimi. Þar má einnig finna fjölmarga tengla á nýsköpunarvefi um allan heim og hægt er að hlaða niður skýrslum og greinum um nýsköpun í opinberum rekstri jafnframt því að gagnlegar leiðbeiningar um hvernig eigi að standa að nýsköpun í opinberum rekstri er að finna á síðunni.

Í ágústmánuði var haldinn fundur samstarfsaðila með Christian Bason forstjóra Mindlab í Danmörku í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en Mindlab starfar á vegum þriggja ráðuneyta að ráðgjöf og verkefnum um nýsköpun í opinberum rekstri. Á fundinum var lagður grunnur að formlegu samstarfi milli Mindlab annars vegar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og samstarfsaðila hins vegar með þjálfun starfsmanna og aðstoð við a.m.k. 3 verkefni hjá opinberum stofnunum. Aðferðifræði Mindlab sem byggir á samstarfi við notendur þjónustunnar við þróun nýrra og betri lausna í verkefnum hins opinbera hefur vakið mikla athygli og eru starfsmenn Mindlab eftirsóttir fyrirlesarar víða um heim. Þess má geta að kennarar frá Mindlab hafa frá árinu 2010 komið að kennslu um nýsköpun í opinberum rekstri sem er hluti af námskeiðinu Akademía fyrir framtíðarstjórnendur í opinberum rekstri sem er í sérskipulögðu diplómanámi í opinberri stjórnsýslu.

Í ágúst var sent bréf til forstöðumanna ríkisstofnana og framkvæmdastjóra sveitarfélaga, undirritað af fjármálaráðherra, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og formanni Félags forstöðumanna ríkisstofnana þar sem óskað var að þeir tilnefndu verkefni til nýsköpunarverðlauna 2012. Alls voru 62 verkefni tilnefnd til nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2012 frá 31 stofnun og 11 sveitarfélögum. Verkefnin voru af ólíkum toga og tóku m.a. til nýtingu rafrænna lausna, breyttra samskiptaforma, yfirfærslu aðferða úr ólíku umhverfi, nýrra aðferða við lausna verkefna, þróunar nýrrar tækni, nýrra afurða og nýrra stjórnunaraðferða.

Nýsköpunarverðlaun og viðurkenningar voru afhentar af Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands með aðstoð Halldórs Halldórssonar formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga á ráðstefnu sem

haldin var 30. október 2012. Verðlaunin voru listaverk eftir leirlistakonuna Elísabetu Haraldsdóttur. Á ráðstefnunni var sjónum beint að aðferðum við nýsköpun, þætti stjórnenda við innleiðingu nýrra lausna og samstarfi einkaaðila og opinberra aðila um nýsköpunarverkefni í þágu samfélagsins. Fyrirlesarar voru Jakob Schjörning frá Mindlab í Danmörku, Inga Jóna Jónsdóttir dósent við Viðskiptafræðideild HÍ og Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka iðnaðarins.

Verkefnið *SignWiki* frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fékk verðlaun fyrir bestu nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2012. SignWiki þótti af matsnefnd hafa mikið nýsköpunargildi og hátt almannagildi, þar sem verkefnið hefur leitt til straumhvarfa hjá því samfélagi sem það nýtist best. Auk þess hefur SignWiki skipt miklu máli fyrir starfsemi Samskiptamiðstöðvarinnar og stuðlað að mikilli hagræðingu í miðlun og kennslu táknmáls. Verkefnið er einstakt í sinni röð og það hefur vakið athygli erlendis og er þegar orðin útflutningavara. Jafnframt segir eftirfarandi í rökstuðningi dómnefndar „um verkefnið: „SignWiki er upplýsingakerfi og þekkingarbrunnur þar sem táknmálsorðabók og táknmálsnámi er miðlað í tölvur, spjaldtölvur og síma. Það var þróað til að fylgja eftir nýjum lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, en upphaflega kviknaði hugmyndin út frá vinnu með heyrnarlausum í þróunarlöndum. Þetta er ný nálgun sem byggir á opinni og virkri þátttöku þar sem málsamfélagið og áhugafólk um táknmál eru þátttakendur og leggja til námsefni og tákni. SignWiki nýtist sem orðabók, til kennslu og í samskiptum við heyrnarlausu, fyrir almenning og til rannsókna og hefur gjörbreytt aðgengi að táknmáli og miðlun þess.“

Fimm önnur verkefni fengu sérstaka viðurkenningu: Reykjavíkurborg fyrir *Betri Reykjavík*, Blindrabókasafn Íslands fyrir *Librodigital*, Orkusetur Orkustofnunar fyrir *Varmadæluvef*, Sjúkratryggingar Íslands fyrir *Réttindagátt og gagnagátt* og Öldrunarheimili Akureyrarbæjar fyrri *Hænsnahöllina*. Dómnefnd skipuðu eftirtaldir frá aðstandendum verkefnisins: Már Vilhjálmsson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Pétur Berg Matthíasson frá fjármálaráðuneytinu, Þorsteinn Gunnarsson frá Rannís, Árdís Ármannsdóttir frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Anna Guðrún Björnsdóttir og Þórey I. Guðmundsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ómar H. Kristmundsson frá Háskóla Íslands og Ásta Möller og Hrefna Ástmarsdóttir frá Stofnun Stjórnsýslufræða og stjórnmála. Dómnefndin hafði m.a. til hliðsjónar við mat sitt á tilnefndum nýsköpunarverkefnum þætti eins og nýsköpunargildi, almannagildi, frumleika, rekstrarlegan ávinning, mikilvægi fyrir viðkomandi starfsemi og möguleika á eftirbreytni fyrir aðrar stofnanir.

Þá voru átján verkefni valin til kynningar á tveimur málstofum sem haldnar voru að lokinni ráðstefnu.

Í tengslum við ráðstefnuna var haldið námskeið um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu fyrir stjórnendur opinberra stofnana hjá ríki og sveitarfélögum. Kennari var Jakob Schjörning frá Mindlab.

Forstöðumaður og formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða hittu aðstoðarmann Oddnýjar Harðardóttur fjármála- og efnahagsráðherra og síðar Katrínu Júlíusdóttur fjármála- og efnahagsráðherra í þeim tilgangi að gera samning við ráðuneytið um áframhaldandi vinnu við verkefnið. Í minnisblað til fjármála- og iðnaðarráðherra frá samstarfshópi um nýsköpun í opinberum rekstri frá 6. júní 2012 segir m.a. eftirfarandi um fjárhagslega hlið verkefnisins:

Verkefnið hefur verið rekið með fjárhagslegum stuðningi þeirra sem að því standa. Mestur þunginn hefur þó legið á Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, bæði fjárhagslega og við framkvæmd verkefnisins, en þess ber að geta að stofnunin er rekin af sjálfsaflafé. Almenn er samstarfsaðilar sammála um að nauðsynlegt sé að koma þessu verkefni í einhvern formfastari farveg. Það er hægt að gera með ýmsum hætti en verður ekki gert án einhvers stuðnings, bæði pólitískum og fjárhagslegum. Leggur samstarfsbópurinn til að samningur verði gerður við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri.

Í árslok 2012 lágu fyrir drög að slíkum samningi en endanlega niðurstaða lá ekki fyrir sem mátti m.a. rekja til ráðherraskipta en málið hafði verið kynnt fyrir þremur fjármálaráðherrum á kjörtímabilinu.

4.5.2 Könnun á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana.

Á haustdögum 2011 var hafinn undirbúningur að gerð könnunar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana í samstarfi Stofnunar stjórnsýslufræða, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Könnunin er í framhaldi af sambærilegri könnun sem fór fram á árinu 2007 sem lögð var fyrir forstöðumenn. Markmið könnunarinnar var að safna gögnum um mikilvæga þætti í starfsemi ríkisstofnana sem varða stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna ríkisstofnana, auk þess sem atriði voru skoðuð sem varða stjórnun starfsmannamála, stefnumótun, stjórnunaraðferðir og viðhorf forstöðumanna m.a. til eigin starfa og starfsumhverfis. Gerð var grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar í tveimur skýrslum sem komu út í apríl 2012 [HÉR](#) og í september 2012 [HÉR](#). Í þeirri fyrri er fjallað um bakgrunn forstöðumanna og fyrri störf, viðhorf til eigin starfs, starfsumhverfis og starfsþróunar, launamála og hreyfanleika í starfi, samskipti við ráðuneyti og fjárhagslegt og faglegt svigrúm. Síðari skýrslan fjallar m.a. um stjórnun mannauðsmála hjá ríkisstofnunum, þ.e. skipulag starfsmannamála, starfsmannastefnu, starfslýsingar og upphaf starf þar með talið ráðningarferil, starfsþróun og starfsmannasamtöl. Þá er greint frá mati forstöðumanna á gildi aðferða við mannauðsstjórnun, verkefni forstöðumanna og hvernig þau hafa breyst á liðnum árum.

Verkefnastjórn skipuðu þau Ómar H. Kristmundsson og Ásta Möller frá Stofnun stjórnsýslufræða, Ágústa H. Gústafsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Magnús Guðmundsson frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana. Hrefna Ástmarsdóttir starfsmaður Stofnunar stjórnsýslufræða veitt aðstoð við úrvinnslu. Félagsvísindastofnun HÍ tók að sér framkvæmd könnunarinnar.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á tveimur morgunverðarfundum sem haldnir voru í samstarfi framangreindra aðila, sá fyrri var haldinn 25. apríl 2012 og bar hann yfirskriftina *Staða og starfsskilyrði forstöðumanna ríkisstofnana* og hinn síðar þann 2. október 2012 með yfirskriftinni: *Hvernig er staðið að mannauðsmálum hjá stofnunum ríkisins? Mat forstöðumanna sjálfra, áberslur stjórnvalda, hjargráð til að gera betur*. Jafnframt var sérstök kynning á niðurstöðum könnunarinnar á fundi í velferðarráðuneytinu þann 16. maí 2012 að viðstöddum yfirmönnum ráðuneytisins og forstöðumönnum undirstofnana ráðuneytisins, en svör forstöðumanna þessara stofnana skáru sig að ýmsu leyti úr svörum forstöðumanna undirstofnana annarra ráðuneyta.

4.5.3 Útgáfa ritsins *Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum*

Ritið *Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum* var gefið út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands snemmsumars 2012. Ritið er gefið út á rafrænu formi sjá [HÉR](#). Ritið er einn afrakstur rannsóknarverkefnisins *Íbúahlýðræði: Félagsauður og*

lýðræðiskerfi sveitarfélaga 2007-2010. Rannsóknin naut stuðnings frá mörgum aðilum, þeirra á meðal Rannís, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Landsbanka Íslands

Meðal umfjöllunarefna í ritinu er: Lýðræði og þátttaka í sveitarfélögum; Sveitarstjórnarstigið og rétturinn til áhrifa; Meirihlutinn og hagsmunir minnihluta; Lýðræði, upplýsingar og rökræða; Þátttaka og þátttökuform; Félagsauður, félagsvirkni og sjálfbodastarf.

Höfundar efnis eru: Gunnar Helgi Kristinsson, Anna Guðrún Björnsdóttir, Grétar Þór Eysteinnsson, Unnur Dís Skaptadóttir, Óskar Dýrmondur Ólafsson, Ólafur Þ Hardarson, Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Birgir Guðmundsson, Jón Hákon Magnússon, Helga Haflíðadóttir, Eggert Ólafsson, Guðfinna Kristjánsdóttir, Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, Steinunn Hrafnisdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir.

4.5.4 Efling opinberra vefa

Á starfsárinu hófst samstarf stofnunarinnar og Innanríkisráðuneytisins um átak til að bæta opinbera vefi, en alþjóðlegar kannanir sýna að íslenskar stofnanir standi sig ekki nægilega vel þegar horft er til rafrænnar stjórnsýslu og hafa íslensk stjórnvöld sett það markmið að Íslendingar verði meðal fremstu þjóða í rafrænni stjórnsýslu og rafrænni þátttöku árið 2020. Í því skyni voru haldin 6 námskeið á vor- og haustmíssi 2012 fyrir vefstjóra og umsjónarfólk vefja opinberra stofnana og sveitarfélaga í samstarfi aðila, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytisins og velferðarráðuneytisins eftir atvikum. Alls sóttu 170 manns námskeiðin frá 108 stofnunum og 25 sveitarfélögum. Markmið þeirra var að gefa þátttakendum tækifæri til að skoða stöðu þeirra vefja sem þeir sjá um, fá hugmyndir og hagnýt ráð um leiðir til að bæta þá með tilliti til innihalds, nytsemi, aðgengi, þjónustu, aukins lýðræðis, gagnvirkni og notkunar samfélagsmiðla. Þótti átakið hafa heppnast mjög vel og er fyrirhugað frekara samstarf aðila að þessu verkefni.

4.5.5 Evrópuverkefni EGOV4U eða *Rafrænar lausnir fyrir alla*

Evrópuverkefnið EGOV4U eða „*Rafrænar lausnir fyrir alla*“ hófst á árinu 2011 en áformað var að það yrði þriggja ára verkefni. Það felur í sér að safna upplýsingum um áhrif rafrænnar stjórnsýslu á þá sem minna mega sín í samfélaginu. Verkefnið var hluti af samstarfsamningi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar. Verkefnið var lagt niður á árinu 2012, en framlag Íslands fékk þó gott mat. Ómar H. Kristmundsson var ráðgjafi Reykjavíkurborgar um verkefnið.

4.5.6 Umsókn um rannsóknar- og þróunarstyrk á sviði rafrænnar stjórnsýslu undir **Citizen-centric eGovernment Services**

Stofnunin ásamt Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands hafði frumkvæði af því leita samstarfsaðila, vinna og leggja inn umsókn um rannsóknar- og þróunarstyrk á sviði rafrænnar stjórnsýslu undir Citizen-centric eGovernment Services sem er á vegum Rannís, NordForsk, VINNOVA í Svíþjóð og ráðuneytis efnahags- og upplýsingamála í Eistlandi. Umsóknin ber heitið *An Information Website and Social Networking Tool for Elderly Citizens-Improving e-services and monitoring the needs of Elderly Citizens in Estonia, Iceland and Sweden in an easy to use innovative platform.* Erlendir samstarfsaðilar voru Umeå University og Estonian Regional and Local Development Agency (ERKAS). Guðjón Idir Guðjónsson MA í heimspeki sem vann sem verkefnastjóri hjá stofnuninni í fjóra mánuði árið 2011 gegnum vinnuþróunarsáttmála við þróun

upplýsingasíðu fyrir eldri borgara og aðstandendur þeirra í samstarfi við Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd og Landssamband eldri borgara bar þungann af undirbúningi umsóknarinnar. Styrkur fékkst ekki til verkefnisins.

4.5.7 Umsókn til 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins.

Á árinu 2011 vann stofnunin með Hauki Arnþórssyni, doktor í stjórnsýslufræðum, að umsókn um styrk til 7. rammaáætlunar Evrópusambandsins og var umsókninni skilað í byrjun árs 2012. Heiti verkefnisins er *SYN- Can a New Net-Identities Scheme Improve Internet Safety for Young People*. Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála var umsjónaraðili (coordinator) með rannsókninni. Samstarfsaðilar voru háskólar og fyrirtæki í Belgíu, Ísrael, Þýskalandi, Írlandi, Bretlandi auk Íslands. Verkefnið hlaut ekki styrk, en stofnunin sótti um og fékk sóknarstyrk frá Rannís vegna vinnu við umsóknina.

5. Stjórn mála og stjórnsýsla-Vef tímaritið - www.stjornmalogstjornsysla.is

Eitt af hlutverkum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er að stuðla að rannsóknum og faglegri sem fræðilegri umræðu um íslensk stjórn mála og stjórnsýslu.

Vef tímaritið Stjórn mála og stjórnsýsla hefur verið gefið út frá árinu 2005. Tvö tölublöð koma út á ári hverju, í júní og desember og eru þau öllum aðgengileg á vefsíðunni www.stjornmalogstjornsysla.is. Prentuð útgáfa ritrýndra greina kemur út einu sinni á ári. Megin tilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórn mála aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Í tímaritinu eru eftirtaldir efnisflokkar; ritrýndar fræðigreinar, greinar almenns eðlis og bókadómar. Höfundar efnis eru fræðimenn í stjórn málafræði, stjórnsýslufræði og tengdum greinum. Þá hafa stjórn málamenn, embættismenn og starfsmenn ríkis og sveitarfélaga lagt tímaritinu til efni m.a. í almennum greinum. Bókadómar eru jafnframt fastur þáttur í útgáfunni. Á vef tímaritsins eru tenglar er varða fagsvið stjórn mála- og stjórnsýslufræða s.s. fræðitímarit sem aðgengileg eru á vefnum, samtök stjórn málafræðinga og stjórnsýslufræðinga o.fl.

Á árinu 2012 kom tímaritið út í ensku viðmóti og því fengið ensk nafn, *The Icelandic Review of Politics and Public Administration* en hið enska viðmót er rekið samhliða íslenskri útgáfu tímaritsins. Veffangið www.irpa.is var skráð til að hýsa enska útgáfu tímaritsins. Er þetta þáttur í því að skrá tímaritið í ISI gagnagrunninn, Thompson Reuter en umsókn hefur þegar verið send. Jafnframt var unnið að því að skrá tímaritið í fleiri erlenda gagnagrunna.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í Matskerfi opinberra háskóla, en matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritinu gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti sem sett eru fram. Ritrýndar greinar sem birtast í tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla eru því metin í hæsta flokk en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla. Tilkynnt hefur verið um nýtt mat á tímaritinu þar sem matskerfisnefnd opinberra háskóla hefur ákveðið nýja flokkun íslenskra vísindatímarita. Hið nýja matskerfi á að taka á gildi um áramótin 2013/2014 og munu eingöngu þau tímarit sem eru flokkuð eða skráð í alþjóðlegum gagnagrunnum verða metin til 15 stiga eftir 1. janúar 2014.

Breytingar urðu á ritstjórn á starfsárinu og ritnefndarmönnum var fjölgað úr fjórum í fimm. Arnar Þór Músson lét af störfum í ritnefnd, en Baldur Þórhallsson og Þorgerður Einarsdóttir komu inn í ritnefnd. Aðrir í ritnefnd eru Gunnar Helgi Kristinsson, sem er aðalritstjóri, Ómar H. Kristmundsson og Margrét S. Björnsdóttir. Umsjón með útgáfunni hefur Ásta Möller og vefstjóri er Haukur Arnþórsson.

Gerðar voru breytingar á ráðgefandi ritstjórn og International Advisory Board var sett á lagginnar. Þær eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Clive Archer, University of Manchester, Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams Collage, Guðmundur Heiðar Frímansson, University of Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, University of Iceland, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallin University of Technology, Gyða Margrét Pétursdóttir, University of Iceland

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Jafnframt því að gera enska útgáfu tímaritsins úr garði, vann ritstjórnin eftir nýjum verklagsreglum sem hún setti sér í byrjun árs 2012. Þá voru endurskoðaðar leiðbeiningar til höfunda og allur texti á vefritinu þýddur og aðlagður að enskri útgáfu vefritsins.

Aðsókn fræðimanna að birta ritrýndar greinar í tímaritinu hefur aukist verulega á síðustu árum. Ritrýndar fræðigreinar voru 16 á árinu 2009, ellefu á árinu 2010, 27 á árinu 2011 og voru 29 talsins á árinu 2012.

Almennar greinar 2012 voru fimm talsins, auk þess sem átta bókadómar birtust á árinu 2012.

Teknar hafa verið saman tölur um höfnunarhlutfall fræðigreina í tímaritinu og er meðaltal höfnunarhlutfalls frá upphafi 23,7%, en árin 2010-2012 er það 28.9%.

Við opnun á tímaritinu í júní og desember var boðið til útgáfuhófs, þar sem höfundi/höfundum var gefið tækifæri að kynna efni greinar sinnar og umræður á eftir.

Í tilefni af opnun 1. tbl. 8. árg. tímaritsins 26. júní og formlegri opnun á enskri útgáfu tímaritsins kynntu tveir fræðimenn greinar sínar. Það var Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórnmalafraeðideild HÍ sem ræddi alþjóðasamskipti Íslands á miðöldum og hvort Ísland hafi staðið í efnahagslegu, stjórnmálalegu og félagslegu skjóli norska sjóveldisins. Einnig ræddi Jónína Einarsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild HÍ grein sína *Sendur í sveit* en í greininni er skoðaður siðurinn að senda íslensk börn í sveit á sumrin, en hliðstæðir siðir, þar sem börn dvelja til lengri eða skemmri tíma hjá venslafólki eða vandalausum án samfylgdar foreldis eða löggilds forráðamanns, eru í auknum mæli flokkaðir sem mansal. Fundarstjóri var Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor.

Við opnun á 2. tbl. 8. árg. 19. desember 2012 voru stuttar kynningar á greinum sem birtast í tölublaðinu. Dr. Haukur Arnþórsson og dr. Ómar H. Kristmundsson prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ ræddu stöðu og þróun rafrænnar stjórnsýslu á Íslandi skv. alþjóðlegum mælingum og Steinunn Rögnvaldsdóttir MA í kynjafræðum og dr. Gyða Margrét Pétursdóttir aðjúnkt við Stjórn málafræðideild HÍ ræddu um lífeyrisherfi Íslendinga út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Fundarstjóri var Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor.

Haldið var áfram vinnu við að fjölga áskrifendum að tímaritinu til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þess. Áskrifendur og styrktaráskrifendur eru um 170 talsins í lok árs 2012.

Í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir greinar og höfunda efnis í 8. árgangi tímaritsins.

6. Erlent samstarf

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála er þátttakandi í norrænu og evrópsku samstarfi stjórnsýsluskóla, en slíkir skólar bjóða grunn- og endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Í maímánuði 2012 sótti sótti forstöðumaður fund Directors of Institutes and Schools of Public Administration (DISPA), sem er samstarfsvettvangur aðila sem sjá um stjórnsýslufræðslu í löndum ESB og halda þeir fund tvisvar á ári hjá forysturíki ESB hverju sinni. Umfjöllunarefni fundarins í Kaupmannahöfn var Nýsköpun í opinberum rekstri.

Norrænir samstarfsaðilar mynda sérstakt tengslanet undir heitinu *Nordic Civil Service Training Institute Network*. Fyrirhugað var að fundur samstarfsaðila væri á Íslandi haustið 2012, en af því varð ekki þar sem miklar skipulagsbreytingar áttu sér stað í skipulagi stjórnsýslufræðslu í Svíþjóð og Noregi og óvissa ríkti um hver tæki yfir viðkomandi verkefni í þeim löndum. Samstarfsaðilar á Norðurlöndum voru eftirfarandi: Swedish Council for Strategic Human Development (KRUS) HAUS, Finnish Institute of Public Management, Metropolitan University College í Danmörku og Public Management and eGovernment (DiFi) í Noregi.

7. Vefir stofnunarinnar

Á heimasíðu stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar m.a. atburði á hennar vegum. Þar eru einnig að finna upplýsingar um rannsóknaráherslur fræðimanna deildarinnar. Vefur stofnunarinnar var endurnýjaður með nýju og breyttu útliti og víðtækari efnistöfum sem sett var í loftið í ágúst 2012. Hrefna Ástmarsdóttir vann að uppsetningu á nýju síðunni í samstarfi við Tölvudeild Háskóla Íslands. Markmiðið er að vefurinn sé alhliða upplýsingagátt um opinbera stjórnsýslu á Íslandi, auk þess að vera vettvangur upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar. Jafnframt opnaði stofnunin síðu á samskiptavefnum Facebook. Að auki rekur stofnunin vefina www.nyskopunarvefur.is og www.stjornmalogstjornsysla.is eins og gert er grein fyrir hér að framan.

Viðauki 1. Viðburðir hjá Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála 2012

1. Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, málefni stjórnsýslunnar

25. janúar 2012. Morgunverðarfundur. Bætt umgjörð fjárlagagerðar, horft til framtíðar. Í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Á fundinum var tekin staðan á umræðunni um umbætur á fjárlagaferlinu, ræddar athugasemdir og ráðleggingar um breyttar áherslur, hverjir eru veikleikar og styrkleikar núverandi kerfis og hvað þarf að bæta í samráði, vinnubrögðum, ferli fjárlagagerðar og eftirfylgni með fjárlögum. Rætt var um fyrirmyndar aðferðir sem notaðar eru í öðrum löndum jafnframt því sem rætt var um helstu hugmyndir og álitæfni sem unnið er með í yfirstandandi endurskoðun á fjárreiðulögum. Kynntar voru hugmyndir alþingismanna um hlutverk Alþingis við gerð fjárlaga og eftirlit með framkvæmd þess og ræddar áherslur atvinnulífsins og forstöðumanna ríkisstofnana um breytingar. Frummælendur voru Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana, Oddný G. Harðardóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, Gunnar Hall, fjársýslustjóri, Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi, Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Halldór Árnason, hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins, Kristján Þór Júlíusson, alþingismaður og nefndarmaður í fjárlaganefnd Alþingis og Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar. Pallborðsumræður voru undir stjórn Þórdísar Arnljótsdóttur, fréttamanns. Fundarstjóri var Magnús Pétursson, ríkissáttasemjari sem jafnframt tók saman niðurstöður í lok fundarins.

25. apríl 2012. Morgunverðarfundur. Staða og starfsskilyrði forstöðumanna ríkisstofnana. Í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Fjallað var um niðurstöður fyrri hluta könnunar sem gerð var í árslok 2011 meðal forstöðumann ríkisstofnana og ráðuneyta um stöðu og starfsskilyrði forstöðumanna ríkisstofnana á vegum samstarfsaðilanna. Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra fluttu ávarp í upphafi fundar. Ágústa Hlín Gústafsdóttir sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Ómar H. Kristmundsson Háskóla Íslands gerðu grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og Margrét Friðriksdóttir skólameistari Menntaskólans í Kópavogi kynnti tillögur starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana um hvernig bæta má stöðu og starfsskilyrði forstöðumanna. Að loknum erindum voru pallborðsumræður. Í pallborði sátu Gunnar Björnsson skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttur lektor í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands og Margrét Friðriksdóttir, skólameistari MK. Fundarstjóri var Magnús Guðmundsson, formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

Vor og haust 2012. Námskeið fyrir vefstjóra opinberra stofnana „Hvað má betur fara á vef stofnunarinnar“. Hagnýt námskeið fyrir vefumsjónarfólk stofnana ríkisins og sveitarfélaga í samstarfi við innanríkisráðuneytið og fleiri aðila. Flest námskeiðin stóðu einnig til boða í fjarnámi. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru sérfræðingar á sviði úrlausna í rafrænni stjórnsýslu og vefmálum: Arnar Pálsson, ráðgjafi hjá Capacent, Björn Sigurðsson, vefstjóri hjá forsætisráðuneytinu, Bragi Leifur Hauksson, verkefnastjóri hjá Þjóðskrá Íslands, Halla Björg Baldursdóttir, forstöðumaður rafrænnar stjórnsýslu hjá Þjóðskrá Íslands og Jóhanna Símonardóttir, sérfræðingur hjá Sjá ehf.

- **2. og 3. maí 2012** fyrir vefstjóra opinberra stofnana.
- **23. og 24. maí 2012** fyrir vefstjóra opinberra stofnana
- **20. og 21. september 2012** fyrir vefstjóra sveitarfélaga í samstarfi einnig við Samband íslenskra sveitarfélaga
- **26. og 27. september 2012** fyrir vefstjóra opinberra stofnana.
- **10. og 11. október 2012** fyrir vefstjóra framhaldsskóla og háskóla í samstarfi einnig við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- **25. og 26. október 2012** fyrir vefstjóra/umsjónarfólk með vefjum heilbrigðisstofnana, einnig í samstarfi við velferðarráðuneytið.

2. október 2012. Morgunverðarfundur Hvernig er staðið að mannaúsmálum hjá stofnunum ríkisins? Mat forstöðumanna sjálfra, áherslur stjórnvalda, bjargráð til að gera betur. Kynning á niðurstöðum seinni hluta forstöðumannakönnunar 2011. Í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra flutti ávarp. Fyrirlesarar voru Ómar H. Kristmundsson, prófessor í stjórnsýslufræðum við Háskóla Íslands og Ágústa

H. Gústafsdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu sem kynntu niðurstöður seinni hluta forstöðumannakönnunar 2011 um mannauðsstjórnun. Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu kynnti grundvallarviðmið í mannauðsmálum ríkisstofnana. Ágústa H. Gústafsdóttir, ræddi framkvæmd grundvallarviðmiða með stuðningi ORACLE. Hulda Arnljótsdóttir, fræðslusetrinu Starfsmennt og Anna Sigurborg Ólafsdóttir, Starfsþróunarsetri háskólamanna ræddu stuðning við starfsþróun innan stofnunar. Fundarstjóri var Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

4. október 2012. Vinnusmiðja fyrir yfir- og millistjórnendur opinberra stofnana um stöðu mannauðsmála í eigin stofnun. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Markmið vinnusmiðjunnar var að gefa þátttakendum tækifæri að skoða stöðu mannauðsmála í eigin stofnun og fá hugmyndir og hagnýt ráð um leiðir til skapa enn öflugri liðsheild og ná betri árangri í rekstri stofnunarinnar með viðurkenndum aðferðum mannauðsstjórnunar. Byggt á greiningu á stöðu mannauðsstjórnunar í eigin stofnun. Leiðbeinendur voru Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Ágústa H. Gústafsdóttir, sérfræðingur í starfsmannaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Dr. Tómas Bjarnason frá ráðgjafafyrirtækinu Capacent. Gestafyrirlesari var Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

30. október 2012. Ráðstefna. Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu - Betri lausnir fyrir fólk og samfélag. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís. Fyrirlesarar voru Jakob Schjörriing frá Mindlab í Danmörku, Inga Jóna Jónsdóttir dósent við Viðskiptafræðideild HÍ og Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri Stika og formaður Samtaka iðnaðarins. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson flutti ávarp og afhenti nýsköpunarverðlaun og viðurkenningar fyrir nýsköpun í opinberum rekstri. Fundarstjóri var Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

30. október 2012. Tvær málstofur-kynning á verkefnum sem tilnefnd voru til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís. Kynnt voru alls átján verkefni sem valin voru til kynningar á málstofum sem haldnar voru að lokinni ráðstefnu um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu. Eftirtaldar stofnanir ríkis- og sveitarfélaga voru með kynningar: Barnaverndarstofa, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Orkustofnun, Öldrunarheimili Akureyrar, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Umhverfisstofnun, Kópavogsbær, Embætti landlæknis, Þjóðminjasafnið, Reykjavíkurborg, Sjúkratryggingar Íslands, Ríkisskattstjóri, Blindrabókasafn Íslands, Landspítali, Siglingastofnun Íslands, Hafnarfjarðarbær, Matvælastofnun og Menntaskólinn í Kópavogi. Fundarstjórar voru Pétur Berg Matthíasson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Ásta Möller, forstöðumaður.

31. október 2012. Námskeið. Nýjar lausnir í opinberri þjónustu í samstarfi við notendur. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Rannís. Á námskeiðinu var farið yfir aðferðir sem opinberar stofnanir geta nýtt sér við nýsköpun í þjónustu og vinnubrögðum með áherslu á að finna nýjar og betri lausnir í samvinnu við notendur þjónustu (co-production, co-design, user centered innovation). Kennari var Jakob Schjörriing frá Mindlab í Danmörku.

2. Stjórnsmál, lýðræði og samfélagsleg gildi

25. janúar 2012. Opinn fyrirlestur. Mótun öflugrar atvinnustefnu sem hafnar bæði ofurtrú á markaðinn og hugmyndum um velviljað almáttugt ríkisvald. *How to organise a smart industrial policy, which rejects both market fundamentalism and the assumption of a benevolent, omnipotent state.* Frummælandi var Dr. Robert Wade, prófessor í stjórnsmálhagfræði við LSE. Ragnar Árnason, hagfræðiprófessor við Háskóla Íslands, Valgerður Bjarnadóttir, alþingismaður og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins ræddu við Robert Wade um efnið. Umræðum stjórnaði Ólafur Þ. Harðarson, forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.

29. febrúar 2012. Opinn fyrirlestur. Að skapa samhljóm: Geta stjórnsmálaleiðtogar mótað siðferðisgildi fólks. *Creating consensus: Can leaders change moral values.* Fyrirlesari var Dr. Jaime

Napier, kennari við sálfræðideild Yale háskólans í Bandaríkjunum. Umræðum stjórnaði Hulda Þórisdóttir, lektor í stjórnmálafræði.

26. apríl 2012. Opinn hádegisfundur. Áhrif tillagna stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá á stjórnsýslu og stjórnskipan í samstarfi við Félag stjórnsýslufræðinga Á fundinum leiddu Gísli Tryggvason, lögfræðingur, sem átti sæti í stjórnlagaráði og dr. Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur, sem hefur verið gagnrýninn á ýmsar tillögur stjórnlagaráðs, saman hesta sína og ræddu hugsanleg áhrif tillagna stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá á stjórnskipan og stjórnsýsluna í landinu. Fundarstjóri var Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnsýslufræðingur og lektor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Eggert Ólafsson, formaður Félags stjórnsýslufræðinga flutti inngangsorð.

9. maí 2012. Opinn fyrirlestur. Stjórnmálaþátttaka við eldhúsborðið - er það framtíðin? Fyrirlesari var Haukur Arnþórsson doktor í rafrænni stjórnsýslu og fjallaði erindi hans um netlýðræði. Fundarstjóri var Þorbjörn Broddason, prófessor.

27. júní 2012. Opinn fyrirlestur. Leyna stjórnvöld mikilvægum upplýsingum sem eiga erindi við almenning? - Kynning á niðurstöðum nýrrar viðhorfskönnunar. Fyrirlesari var Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor í upplýsinga- og skjalastjórn í HÍ en í fyrirlestrinum var fjallað um niðurstöður nýrrar könnunar sem gerð var vorið 2012 um viðhorf fólks til upplýsingagjafar opinberra aðila þ.e. ríkisstjórnar, ráðuneyta, sveitarfélaga og stofnana þeirra, þjónustustofnana á vegum ríkisins og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins. Fundarstjóri var Ásta Möller, forstöðumaður.

27. júlí 2012. Opinn fyrirlestur „Hvers vegna ég er hjartsýnn af skynsemisástæðum“ *Why I am a Rational Optimist*. Fyrirlesari var dr. Matt Ridley. Fyrirlesturinn var haldinn í samstarfi við Rannsóknarsetur um nýsköpun og hagvöxt. Fundarstjóri var Ragnar Árnason, prófessor.

28. september 2012. Ráðstefna „Réttur að vita... Hvar liggja mörk leyndar og upplýsingagjafar? Haldin í samstarfi við Skýrslutæknifélag Íslands í tilefni af *The International Right to Know Day*. Fyrirlesarar voru Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, Vigdís Eva Línadal, lögfræðingur hjá Persónuvernd, Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri hjá forsætisráðuneytinu, Anna Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Tæknisviðs Símans, Árni E. Albertsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, Gunnar Karlsson, sviðsstjóri hjá Ríkisskattstjóra, Gunnar Grímsson og Róbert Bjarnason frá Íbúar ses. Fundarstjóri var Jóhanna Gunnlaugsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.

4. október-5. október 2012. Námskeið: Að ná árangri í stjórnmálum - Hvað einkennir góðan stjórnmálamann? *What makes an effective and good politician?* Námskeiðið var haldið fyrir fólk sem starfar í stjórnmálum eða hefur áhuga á að hasla sér völl á þeim vettvangi á Alþingi eða í sveitarstjórnnum. Einnig fyrir starfsfólk stjórnmálaflokka og -hreyfinga sem styðja við stjórnmálamenn í starfi. Kennari var Jo Silvester prófessor í sálfræði við City University í London.

15. október 2012. Opinn fundur. Hverju myndi ný stjórnarskrá breyta? Í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga. Framsögumenn: Eiríkur Bergmann Einarsson stjórnmálafræðingur og fulltrúi í stjórnlagaráði, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir lektor HÍ og Skúli Magnússon, héraðsdómari og lektor HÍ. Fundarstjóri var Svandís Nína Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís.

Nóvember til desember 2013. Fundaröð sjö funda um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskrá Íslands haldin í nóvember 2012 til febrúar 2012. Fræðimenn í HÍ, HR, HA og Háskólanum á Bifröst fjölluðu m.a. um einstaka þætti í fyrirbyggjandi tillögum sem eru til meðferðar á Alþingi.

9. nóvember 2013. 1. fundur: Eru þingmenn bundnir af niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá? Hvernig er stjórnarskrá breytt? Hvaða þýðingu hefur ferlið til þessa? Hvar erum við stödd? Framsögumenn og þátttakendur í pallborði voru Björg Thorarensen, prófessor, Ólafur Þ. Harðarson, prófessor, Indriði H. Indriðason, dósent við University of California, Riverside og Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor. Fundarstjóri var Róbert R. Spanó, prófessor, forseti Lagadeildar HÍ.

16. nóvember 2013. 2. fundur. Niðurstöður sérfræðingahóps um stjórnarskrárrögin og næstu skref. Haldinn í dómsal Háskólans í Reykjavík. Frummælendur voru Páll Þórhallsson

skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og sérfræðingur við lagadeild HR, dr. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild HÍ og Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við lagadeild HÍ sem áttu sæti í sérfræðingahópnum, Krístrún Heimisdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri og Bryndís Hlöðversdóttir, rektor Háskólans á Bifröst.

5. desember 2013. 3. fundur. Forseti Íslands, ráðherrar og ríkisstjórn- Nýskipan framkvæmdarvaldsins. Starfshættir ríkisstjórna-Stjórnarmyndanir-Hlutverk forseta Íslands-Skipun embættismanna. Fyrirlesarar voru Dr. Stefanía Óskarsdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild HÍ dr. Gunnar Helgi Kristinsson prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ, Skúli Magnússon, dósent við Lagadeild HÍ og dr. Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur. Fundarstjóri var Dr. Ómar H. Kristmundsson, deildarforseti Stjórn málafræðideildar HÍ.

26. nóvember 2012. Opið málþing. Val stjórnarmanna í opinberum fyrirtækjum - Fagþekking eða pólitísk forysta? Frummælendur voru Dr. Ómar H. Kristmundsson, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, Bryndís Hlöðversdóttir, rektor Háskólans á Bifröst og Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík. Fundarstjóri var Ásta Möller forstöðumaður.

7. desember 2013. Opinn fundur. Getum við breytt stjórn máluðnum til hins betra-Hvaða lærdóm má draga af átökum fyrri ára í stjórn máluðnum? Styrmir Gunnarsson fv. ritstjóri Morgunblaðsins ræddi bók sína *Sjálfstaðisflokkurinn- Atök og uppgjör* við fundargesti. Umræðustjóri var Ragnheiður Elín Árnadóttir, stjórn málafræðingur og alþingismaður.

21. nóvember 2012. Opinn fundur. Átök og áherslur á vinstri væng stjórn máluðna fyrir og nú í tilefni af útkomu sjálfsvæisögu Svavars Gestssonar *Hreint út sagt*. Á fundinum ræddi Svavar um bók sína við Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing og Stefaníu Óskarsdóttur stjórn málafræðing. Fundarstjóri var Rósa Björk Brynjólfssdóttir, fjölmiðlafræðingur.

3. Alþjóðastjórn máluð og þjóðfélagsþróun. Fjölpjódlegar stofnanir.

15. febrúar 2012. Námskeið. Saga, stofnanir og ákvarðanatöku innan ESB í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Alþjóðamálastofnun HÍ fyrir stjórnendur og starfsfólk stjórnsýslunnar, sveitarfélaga og opinberra stofnana. Kennari var Dr. Baldur Þórhallsson, Jean Monnet prófessor í stjórn málafræði við Háskóla Íslands,

3. apríl 2012. Opið málþing. Forsetakosningar í Frakklandi 2012 í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga og Alþjóðamálastofnun HÍ. Frummælendur voru Rósa Björk Brynjólfssdóttir fv. fréttakona í Frakklandi, Gérard Lemarquis kennari og Torfi H. Tulinius prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ. Fundarstjóri var Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, stjórn málafræðingur.

18. október 2012. Opið málþing. Evrópusambandið og íslenska stjórnsýsla: Hver eru áhrif regluverks ESB og umsóknarferlis Íslands að sambandinu á íslenskar stofnanir og sveitarfélög? Í samstarfi við Félag stjórnsýslufræðinga og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Fyrirlesarar voru Dr. Anamarija Musa kennari í opinberri stjórnsýslu við lagadeild Háskólans í Zagreb, Króatíu, Dr. Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ, Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristin Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar. Eftir framsögur voru panelumræður með frummælendum og með þátttöku Stefáns Hauks Jóhannessonar sendiherra og aðalsamningamanns vegna viðræðna um aðild Íslands að ESB. Eggert Ólafsson formaður Félags stjórnsýslufræðinga flutti ávarp. Fundarstjóri var Svavar Halldórsson, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur.

15. nóvember 2012. Námskeið. Saga, stofnanir og ákvarðanatöku innan ESB. Í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Alþjóðamálastofnun. Kennarar voru Baldur Þórhallsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ og Auðunn Atlason skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu.

4. Lagarammi opinberrar starfsemi

23. janúar-29. febrúar 2012. Námskeið: Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkisins, ráðuneyta og stofnana og sveitarfélaga. Í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Aðalkennari var Trausti Fannar Valsson lektor við

Lagadeild HÍ. Aðrir kennarar voru Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis, Hafsteinn Þór Hauksson lektor við Lagadeild HÍ, Ottó Björgvin Óskarsson, Berglind Bára Sigurjónsdóttir og Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingar hjá Umboðsmanni Alþingis.

22. og 23. febrúar 2012. Námskeið. Lagarammi og stjórnkerfi íslenskrar heilbrigðisþjónustu í samvinnu við Velferðarráðuneytið, Landspítala háskólasjúkrahús, Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, Landsamband heilbrigðisstofnana, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Fyrirlesari var Guðríður Þorsteinsdóttir, lögfræðingur hjá velferðarráðuneytinu.

7. mars 2012. Námskeið. Ráðning og starfslok starfsmanna hjá stofnunum ríkis- og sveitarfélaga. Í samvinnu við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Kennari var Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur vi EFTA dómstólinn í Lúxemborg

8. mars 2012. Námskeið. Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996 í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Kennari var Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur vi EFTA dómstólinn í Lúxemborg.

20. apríl – 19. maí 2012. Fjögurra vikna þjálfunarnámskeið í starfsmannarétti í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, forsætisráðuneytið og Reykjavíkurborg. Byggt á fyrirlögn raunhæfra verkefna og einstaklingsbundinni endurgjöf frá kennara. Þjálfun við að leysa úr málum sem varða ráðningu og starfslok opinberra starfsmanna á lagalega réttan hátt. Kennari var Kjartan B. Björgvinsson, lögfræðingur.

22. nóvember 2013. Námskeið: Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 50/1996. Í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félags forstöðumanna ríkisstofnana. Kennari Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Luxemburg.

23. nóvember 2012. Námskeið. Evrópuréttur- Áhrif grundvallarreglna ESB og EES samningsins á íslenska stjórnslu og íslenskar lagareglur. Kennari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, lögfræðingur við EFTA dómstólinn í Luxembourg og LLM í Evrópurétti frá London School of Economics of Political Science.

5. Velferðarmál

17. apríl 2012. Opið málþing Heilsufar, líðan og aðstæður eldri borgara - niðurstöður nýrra rannsókna í samvinnu við Landsamband eldri borgara og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Fyrirlesarar voru Dr. Kristín Björnsdóttir, prófessor við Hjúkrunarfræðideild HÍ, Dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir, lektor við Matvæla- og næringafræðideild HÍ og Dr. Jón G. Snædal, yfirlæknir, öldrunarlækninga LSH. Fundarstjóri var Eyjólfur Eysteinnsson, formaður félags eldri borgara á Suðurnesjum og gjaldkeri LEB.

Viðauki 2 Birtar greinar í vef tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla 8. árg. 2012.

Fræðigreinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorhefti 8. árg. 1. tbl. 2012.

1. **Iceland's external affairs in the Middle Ages: The shelter of Norwegian sea power.** Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.
2. **Þróun tekjuskjptingarinnar á Íslandi 1992-2009.** Stefán Ólafsson, prófessor í þjóðfélagsfræði við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, sérfræðingur Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands.
3. **Sendur í sveit.** Jónína Einarsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands.
4. **Yfirlit um stöðu og áhrif jafnari kynjahlutfalla við stjórnun og í stjórnnum fyrirtækja.** Jón Snorri Snorrason, lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.
5. **Iceland and the EU's Common Security and Defence Policy: Challenge or Opportunity?** Alyson Bailes, aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild HÍ og Örvar Þ. Rafnsson, BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands.
6. **Nýskipan í ríkisrekstri: Þjónustusamningar og réttarstaða notenda þjónustu.** Eva Marín Hlynsdóttir, doktorsnemi við Stjórnmálafræðideild HÍ.
7. **Stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta: Leiðir að einföldun og samhæfingu.** Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneytinu og Pétur Berg Matthíasson, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur í fjármálaráðuneytinu.
8. **Tími til að tengja? Af stefnumótun í ferðaþjónustu á Íslandi.** Gunnar Þór Jónsson, verkefnisstjóri við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og lektor í ferðamálafræði, Líf- og umhverfsvísindadeild Háskóla Íslands.
9. **Nýja kvennahreyfingin á Norðurlöndum á áttunda áratug 20. aldar.** Sigríður Matthíasdóttir, sjálfstætt starfandi sagnfræðingur.
10. **Lífskjör og réttlæti.** Ólafur Páll Jónsson, lektor í heimsspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
11. **Takmarkanir á eignarráðum erlendra aðila yfir fasteignum á Íslandi.** Eyvindur G. Gunnarsson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands.

Almennar greinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar vorið 2012 8. árg. 1. tbl. 2012.

1. **Stýrinet: Nýsköpun innan Stjórnarráðsins. Nýtt verklag í samstarfi milli stjórnsýslustiga.** Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur í forsætisráðuneytinu og Pétur Berg Matthíasson, stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur.
2. **The roles and tasks of environmental agencies in Europe.** Davíð Egilsson, sérfræðingur í umhverfismálum.

Bókadómur sem birtist í vef tímariti stofnunarinnar vorið 2012 8. árg. 1. tbl. 2012.

1. **Ingibjörg. Saga Ingibjargar Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar forseta** eftir Margræti Gunnarsdóttur, bókadómur eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Fræðigreinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar hausthefti 8. árg. 2. tbl. 2012.

1. **The left-right dimension in the minds of Icelandic voters 1987-2009.** Hulda Þórisdóttir, lektor HÍ.
2. **Hvað voru kjósendur að hugsa? Forsetakosningarnar 2012.** Gunnar Helgi Kristinsson prófessor HÍ, Indriði H. Indriðason associate professor, University of California, Viktor Orri Valgarðsson meistaranemi HÍ.
3. **F-word or Blueprint for Institutional Reform? European Integration and the Continued Relevance of Federalism.** Maximilian Conrad, lektor HÍ and Freyja Steingrimsdóttir BA.
4. **Akademískt frelsi.** Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor HA.
5. **Samfélagslegt hlutverk háskóla.** Trausti Þorsteinsson lektor, Sigurður Kristinsson prófessor og Hjördís Sigursteinsdóttir sérfræðingur hjá RHA.
6. **Staða og þróun rafrænnar stjórnsýslu á Íslandi skv. alþjóðlegum mælingum.** Dr. Haukur Arnþórsson og Ómar H Kristmundsson prófessor HÍ.

7. **Umræðuvettvangur íslenskra dagblaða með hliðsjón af greiningarramma Colin Sparks.** Birgir Guðmundsson, dósent HA.
8. **Þekkingarmiðlun í stjórnsýslu sveitarfélaga.** Hildur Ösp Gylfadóttir MS og Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor HÍ.
9. **The Icelandic media's coverage of the constitutional assembly election.** Guðbjörg Hildur Kolbeins, dr í fjölmiðlafræði.
10. **Áhrif niðurskurðar á starfshvata og innbyrðis þekkingarmiðlun heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.** Emilía Jarþrúður Einarsdóttir meistaranemi, Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor HÍ og Sigríður Halldórsdóttir prófessor HA.
11. **Faroe Islands' Security Policy in a process of Devolution.** Beinta frá Jákupsstovu, associate professor Molde University College and Regin Berg.
12. **Efling sveitarstjórnarstigsins Áherslur, hugmyndir og aðgerðir.** Grétar Þór Eypórsson, prófessor HA.
13. **Skipulag íslenskra fyrirtækja 2004-2007.** Einar Svansson, lektor Háskólanum á Bifröst og Runólfur Smári Steinþórsson prófessor HÍ.
14. **Er álið málið? Samfélagsbreytingar og atvinnumöguleikar kvenna á Austurlandi.** Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir MA og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor HÍ.
15. **Will you still need me, will you still feed me? Old-age pensions in Iceland from a gender perspective.** Steinunn Rögnvaldsdóttir MA and Gyða Margrét Pétursdóttir, adjunct HÍ.
16. **Towards a Better Understanding of Climate Change Negotiations.** Bryndís Arndal Woods doktorsnemi, Daði Már Kristófersson dósent HÍ, Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt HÍ.
17. **Vulnerability of pension funds balances.** Ólafur Ísleifsson, lektor HR.

Almennar greinar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar hausthefti 8. árg. 2. tbl. 2012.

1. **Ráðskast með stjórnarskrá.** Gunnar Helgi Kristinsson prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ
2. **Jöfnuður á Íslandi 1991-2007.** Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ

Bókadómar sem birtust í vef tímariti stofnunarinnar hausthefti 8. árg. 2. tbl. 2012.

Bókaheiti	Höfundur	Gagnrýnandi
Upp með fánann	Gunnar Þór Bjarnason	Ólafur Þ. Harðarson
Ísland í aldanna rás 2001-2010.	Björn Þór Sigbjörnsson ofl	Helgi Skúli Kjartansson
Sjálfstæðisflokkurinn- Átök og ...	Styrmir Gunnarsson	Hannes H. Gissurarson
Við stöndum á tímamótum	Magnus Orri Schram	Baldvin Bergsson
Hreint út sagt	Svavar Gestsson	Arnar Þór Másson
Equality into Reality	Evelyn Ellis og Kristín Bened.d. (ed)	Þorgerður Þorvaldsdóttir
Appelsínur frá Akasíu	Jón Ólafsson	Auðunn Arnórsson
23 atriði um kapitalisma ...	Ha-Joon Chang	Hannes H. Gissurarson
Örslagaborgin	Einar Már Jónsson	Kjartan Emil Sigurðsson